

Áframhaldandi viðsnúningur, hagnaður fyrir skatta 590 milljónir ISK af reglulegri starfsemi

- Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi nam 590 milljónum ISK (€4.1m) samanborið við 360 milljónir ISK (€2.5m) 9M 2024 sem er aukning um 230 milljónir ISK (€1.6m)
- Rekstrartekjur 9M 2025 námu 50,1 milljörðum ISK (€347.6m), sem er aukning um 11% eða 4,8 milljarða ISK (€33.6m) frá sama tímabili 2024
- Framlegð fyrir 9M 2025 er 4,9 milljarðar ISK (€34.2m) samanborið við 4,1 milljarð ISK (€28.7m) á sama tímabili 2024
- EBITDA fyrir 9M 2025 hækkaði um 55% í 2,0 milljarða ISK (€14.0m) frá 1,3 milljörðum ISK (€9.0m) 9M 2024
- EBITDA síðustu 12 mánaða hækkaði um 0,9 milljarð ISK, í 3 milljarða ISK (€21.1m) frá 2,1 milljarði ISK (€14.8m) á Q3 2024
- Hagnaður fyrstu níu mánuði eftir skatta er 360 milljónir ISK (€2.5m) samanborið við 216 milljóna ISK (€1.5m) tap fyrir sama tímabil 2024
- Hagnaður á hlut fyrir 9M 2025 er 0,12 ISK á hlut en tap upp á 0,07 ISK á hlut fyrir 9M 2024.
- Heildareignir námu 34,6 milljörðum ISK (€243.7m) í lok september 2025, sem er lækkun um 1,4 milljarð ISK (€10.2m) frá ársbyrjun.
- Eiginfjárlutfall var 31.8% í lok þriðja ársfjórðungs 2025 samanborið við 29,9% í lok Q3 2024
- Afkomuspá óbreytt: Hagnaður fyrir skatta af reglulegri starfsemi 2025 verður samkvæmt afkomuspá, 1,1 – 1,4 milljarðar ISK (€7.5m - €9.5m)

Heildarsala samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi var 16,4 milljarðar ISK (€113.7m) og jókst um 11% samanborið við fyrra ár. Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta nam 259 milljónir ISK (€1.8m) sem er aukning upp á 56 milljónir ISK frá sama ársfjórðungi 2024.

Rekstrartekjur starfseminnar í Suður-Evrópu voru 6,1 milljarður ISK (€42.6m) á þriðja ársfjórðungi, sem er 10% lækkun miðað við sama tímabil árið 2024. Sala fyrstu 9 mánuði ársins 2025 dróst saman um 1% í söluverðmæti og magni samanborið við 9M 2024. Reglulegur hagnaður starfseminnar fyrir skatta nam 418 milljónum ISK (€2.9m), sem er aðeins undir 9M 2024. Góð sala var í gæðaaufurðum, sérstaklega þorski og öðrum fisk af íslenskum uppruna sem hafði jákvæð áhrif á sölu bæði í verðmætum og magni. Góð framleiðsla var á argentínskri rækju en vegna óhagstæðrar gæðasamsetningar skilaði hún lágrí framlegð. Sala í Ahumados Dominguez dróst saman um 2% bæði í söluverðmæti og seldu magni á fyrstu 9 mánuðum 2025 samanborið við fyrra ár.

Rekstrartekjur starfseminnar í Norður-Evrópu á þriðja ársfjórðungi voru 2 milljarðar ISK (€14.0m), sem er 5% aukning frá sama ársfjórðungi árið áður. Sala á fyrstu 9 mánuðum ársins jókst um 7% í söluverðmæti og 4% í magni og nam 42.6 milljónum evra, samanborið við 39.8 milljónir evra á sama tímabili árið 2024. Verð á laxi var lægra en spár gerðu ráð fyrir og hafði það jákvæð áhrif á reksturinn á meðan há verð og lítið framboð á hvítfiski hefur haft neikvæð áhrif. Félagið á Írlandi skilaði 200 milljóna ISK (€1.4m) hagnaði af reglulegri starfsemi fyrir skatta fyrstu 9 mánuði ársins sem er aukning um 100 milljónir ISK (€700k) frá sama tímabili 2024. Gert er ráð fyrir að verð á laxi þökist upp á við út árið og verði sambærilegt við síðastliðin tvö ár.

Rekstur S&D deildarinnar hefur gengið vel frá byrjun árs og var þriðji ársfjórðungurinn í takt við það. Sala á sjófrystum afurðum hafði jákvæð áhrif á afkomu Iceland Seafood ehf í fjórðungnum. Mikil eftirspurn og hækkandi verð á þorski voru lykillinn að góðum árangri og góðri rekstrarniðurstöðu á þriðja ársfjórðungi.

Byggt á niðurstöðum þriðja ársfjórðungs og núverandi viðskiptum verður afkomuspá óbreytt frá ársbyrjun eða á bilinu 1,1 – 1,4 milljarðar ISK (€7.5m - €9.5m). Gert er ráð fyrir áframhaldandi háu verði á sjávarafurðum á árinu. Við gerum ráð fyrir að allar deildir fyrirtækisins muni standa við áætlanir og áframhaldandi eftirspurn þrátt fyrir há verð.

Ægir Páll Friðbertsson, CEO

“Fyrirtækið hefur náð verulegum rekstrarviðsnúningi á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 miðað við sama tímabil árið 2024. Afkoman hefur verið jákvæð og styrkir trú okkar á að horfa björtum augum til framtíðar. Við munum halda áfram að standa okkar vakt og stíga ölduna í takt við breyttar aðstæður á markaði og í alþjóðlegu umhverfi.

Árið hefur einkennst af mikilli eftirspurn og háu verði á þorski. Bann Bandaríkjanna við innflutningi á rússneskum fiski ásamt minnkandi kvótum í Barentshafi og Atlantshafi hefur haft veruleg áhrif. Horfur eru á áframhaldandi takmörkuðu framboði og háu verði á hvítfiski. Verð á laxi var lægra en spáð hafði verið, sem skilaði betri rekstrarniðurstöðu í laxastarfseminni en síðustu ár. Afkoman á fyrstu níu mánuðum ársins er umtalsvert betri en á sama tímabili 2024, og horfur fyrir fjórða ársfjórðung eru góðar og í takt við árangur fyrri ára.

Þrátt fyrir áframhaldandi óvissu í efnahagsmálum hafa vextir og verðbólga lækkað á helstu mörkuðum. Endurfjármögnunin sem lauk á öðrum ársfjórðungi 2025 hefur þegar skilað þeim árangri að fjármagnskostnaður lækkaði á þriðja ársfjórðungi og væntum við þess að sú þróun muni halda áfram og styrkja rekstur félagsins. Hátt hráefnisverð styrkir tekjur en skapar áskoranir þar sem neytendur standa frammi fyrir hærri kostnaði, sem gæti haft áhrif á eftirspurn. Á sama tíma eru fjármögnunar- og geymslukostnaður enn áskorun, sem undirstrikar mikilvægi áframhaldandi áherslu á fjármagnsskipan félagsins og birgðahald.

Aðaláhersla okkar er áfram á að bæta rekstur núverandi eininga, hagræða og bæta reksturinn samhliða því að endurmeta heildarstefnu félagsins. Í Argentínu höfum við nú gengið frá kaupum á tveimur skipum og hafið veiðar, sem styrkir rekstur okkar enn frekar á svæðinu og í suður Evrópu. Með þessum breytingum höfum við fært okkur innar í virðiskeðjuna fyrir rækju, í sjófrystri hágæða rækju sem opnar nýja möguleika til að auka markaðsútbreiðslu og skapa aukin verðmæti. Vöxtur íslensks laxeldis er einnig jákvæð þróun, og við höfum hafið sölu og markaðssetningu íslensks lax í gegnum okkar dreifikerfi með það að markmiði að efla starfsemina enn frekar.

Markmið okkar er skýrt: að efla rekstur og stöðu Iceland Seafood enn frekar, nýta tækifæri sem skapast og mæta áskorunum til hagsbóta fyrir eigendur, starfsfólk og félagið.”

Fjárfestafundir

Iceland Seafood mun ekki halda fjárfestafundi fyrir fyrsta og þriðja ársfjórðung. Fyrirtækið fagnar öllum fyrirspurnum um fjárhagslegar niðurstöður fjórðungsins, og má senda spurningar á netfangið investors@icelandseafood.com

Fyrirtækið mun hins vegar halda fjárfestafundi í kjölfar annars ársfjórðungs (hálfársniðurstöður) og fjórða ársfjórðungs (árslokaniðurstöður), þar sem stjórnendur kynna og ræða helstu niðurstöður. Dagsetningar fyrir þá fundi má finna á vefsíðu félagsins www.icelandseafood.com/investors/shareholders/

Fyrirtækið býður alla velkomna í heimsókn sem vilja fræðast meira um starfsemina og annað henni tengt. Sé áhugi fyrir hendi vinsamlegast hafið samband við Ægir Pál Friðbertsson apf@icelandseafood.com eða Öldu Björk Óskarsdóttir alda@icelandseafood.com

Fyrirvari

Allar yfirlýsingar varðandi framtíðarsýn í þessari tilkynningu endurspegla núverandi skoðanir stjórnenda á framtíðarviðburðum og niðurstöðu. Það að þessar skoðanir séu byggðar á afstöðu sem stjórnendur telja eðlilegar, er engin trygging fyrir því að atburðir og skoðanir verði að veruleika. Framtíðarsýn felur eðlilega í sér óvissu og áhættu; Niðurstöður geta verið frábrugðnar fullyrðingum eða skoðunum sem setter eru fram.

Frekari upplýsingar:

Iceland Seafood International hf.
<http://www.icelandseafood.com/Investors>

Ægir Páll Friðbertsson, apf@icelandseafood.com